



Til: umhverfis- og skipulagsrás  
Númer máls: USK23030092  
Dagsetning: 12. apríl 2023

## Umsögn um byggingarkostnað íbúða

Þann 22. mars sl. barst Félagsbústöðum erindi frá umhverfis- og skipulagssviði vegna fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um byggingarkostnað verktaka vegna íbúða sem Félagsbústaðir festa kaup á.

### Fyrirspurnin hljóðar svo:

„Fram hefur komið að Félagsbústaðir borgi að meðaltali 583.000 kr á hvern fermetra fyrir nýjar íbúðir. Mikilvægt að er að fram komi hver byggingarkostnaður íbúðanna sé hjá verktökunum. Því er spurt hver meðal byggingarkostnaður sé á hvern fermetra nýrra íbúða sem ætlaðar eru Félagsbústöðum? Mikilvægt er að upplýsingar um þetta liggi fyrir. Ef Félagsbústaðir í eigu Reykjavíkur eru að borga mun hærra verð fyrir íbúðir en sem nemur byggingarkostnaði þarf það að koma fram.“

### Svar við fyrirspurninni:

Rétt er að á árinu 2022 var meðalverð á hvern fermetra fyrir 67 nýjar íbúðir sem Félagsbústaðir festu kaup á eða byggðu 583.000 kr. Íbúðirnar má flokka með eftirfarandi hætti:

- Alls fengust 29 íbúðir í gegnum samninga við Bjarg íbúðafélag en þar greiða báðir aðilar í samræmi við framvindu framkvæmda.
- Í gegnum svokallaða kaupréttarsamninga voru keyptar 25 íbúðir. Ákvæði eru í skilmálum lóðaúthlutana Reykjavíkurborgar um 5% kauprétt Félagsbústaða á föstu verði. Verðið er hagstætt.
- Þá byggðu Félagsbústaðir 13 íbúðir sem eru sérstaklega hannaðar fyrir fatlað fólk með miklar þjónustubarfir.

Með góðum kveðjum,

Sigrún Árnadóttir,  
framkvæmdastjóri

